

Nd.

534. Breytingartillögur

[218. mál]

við frv. til útvarpslaga.

Frá Kristínu S. Kvaran og Guðmundi Einarssyni.

1. 2. gr. orðist svo:

Ríkisútvarpið annast útvarp í samræmi við ákvæði 2. kafla laga þessara. Öðrum aðilum er heimilt að annast útvarp samkvæmt skilyrðum 3.—6. greinar þessara laga.

2. 3. gr. orðist svo:

Almenn skilyrði:

1. Útvarpa má eingöngu á metra- eða desímetrabylgju samkvæmt úthlutun Póst- og símamálastofnunarinnar á senditíðni í samræmi við alþjóðasamþykki. Póst- og símamálastofnunin gefur út leyfisbréf þar sem kveðið er á um tíðni og útgeislað afl stöðvar. Aðrir tæknilegir eiginleikar sendistöðvar skulu vera í samræmi við reglur sem Póst- og símamálastofnunin setur og framfylgir.
2. Óheimilt er erlendum aðilum að annast útvarpsrekstur á Íslandi.
3. Útvarpsstöðvum er óheimilt að senda út efni sem nýtur verndar höfundarréttar án leyfis eða útsendingarréttar.
4. Um eftirlit með dagskrárefni fer eftir gildandi lögum og reglum þar um. Útvarpsstöðvar bera ábyrgð á því efni sem þær senda út í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna, hegningarlög eða önnur lög eftir því sem við á.
5. Útvarpsstöðvar skulu kosta dagskrárgerð sína að öllu leyti sjálfar.

3. 4. gr. orðist svo:

Útvarpsstöðvum er heimilt að afla fjár til dagskrárgerðar með auglýsingum.

4. Við 5. gr.

- a. Orðin „sbr. þó skilyrði í 3. gr.“ í 1. másl. falli brott.
- b. 3. og 4. tl. falli brott.

5. Við 6. gr. Síðasti másl. 3. mgr. falli brott.

6. Við 7. gr. Greinin falli brott.